



Múlaþing

Fjárhagsáætlun

2021

2022-2024

Sveitarstjórn 2020
seinni umræða 9. des.

Múlaþing
Kt. 660220-1350

Fjárhagsáætlun 2021 – 2024

Fyrsta fjárhagsáætlun Múlapings fyrir árið 2021 ásamt 3ja ára áætlun fyrir 2022-2024 lögð fram til seinni umræðu í sveitarstjórn Múlapings á fundi þann 9. desember 2020.

Tillaga að framlagðri fjárhagsáætlun er byggð á þeirri vinnu og þeim römmum sem unnin var síðastliðið sumar af starfsmönnum og nefndum þeirra sveitarfélaga sem nú heyra undir hið nýja sveitarfélag Múlaping. Töluverðar breytingar hafa orðið á áætlun frá fyrri umræðu sem í stórum dráttum skýrist af breyttri útkomuspá 2020 og endurútreikningi launa. Einnig komu athugasemdir frá nefndum sem voru yfirfarnar og leiðrétt í nokkrum tilvikum. Nýjir liðir í rekstri frá fyrri umræðu eru stofnframlög vegna íbúðaverkefna 34 millj. auk þess sem framlag vegna ljósleiðaraverkefna hækkar um 16 millj. kr. sem er líka rekstrarfært.

Samkvæmt sveitarstjórnarlögum skal fjárhagsáætlun vera tilbúin eigi síðar en 1. nóvember til fyrri umræðu í sveitarstjórn og skal samþykkt eigi síðar en 15. desember. Fyrri umræða fór fram 11. nóvember 2020 en sú áætlun var tilbúin í fundargátt byggðaráðs 30. nóv. Sem tók hana fyrir á fundi sínum þann 4. nóvember.

Þriggja ára áætlun er hluti af þeirri áætlun sem hér er lögð fram.

Uppgjör fyrir fyrstu 9 mánuði ársins í fráfarandi sveitarfélögum er að mestu lokið og byggir útkomuspá Múlapings fyrir árið 2020 á þeim niðurstöðum. Vinna við stofnefnahag mun svo hefjast í framhaldinu og er því sá fyrirvari í framlagðri útkomuspá að efnahagsreikningur 2020 taki einhverjum breytingum í framsetningu.

Lykilmarkmið sveitarstjórnar Múlapings:

- **Jafnvægi** skal vera á milli samanlagðra rekstartekna og gjalda A- og B-hluta á hverju þriggja ára tímabili.
 - Samkvæmt fjárhagsáætlun Múlapings fyrir árið 2021 er rekstariöfnuður áráanna 2019-2021 jákvæður um 596 millj. kr. fyrir samstæðu A- og B- hluta en er neikvæður um 283 millj. kr í A hluta fyrir sama tímabil.
- **Framlegð rekstrar** (niðurstaða fyrir afskriftir og fjármagnsliði) skal vera á bilinu 15 – 20%.
 - Samkvæmt fjárhagsáætlun Múlapings fyrir árið 2021 verður framlegðarhlutfall A-hluta 5% og í samstæðu A og B hluta verður framlegðarhlutfall 12,6%.
- **Veltufé frá rekstri** A- og B-hluta nemi ekki lægri fjárhæð en sem nemur afborgunum og vöxtum af langtímalánum.
 - Samkvæmt fjárhagsáætlun Múlapings fyrir árið 2021 mun veltufé frá rekstri nema 722 millj. kr. en afborganir af skuldbindingum verða um 823 millj. kr. í samstæðu A og B hluta. Í A hluta nemur veltufé frá rekstri um 198 millj. kr. en greiðslur vegna skuldbindinga nema um 587 millj. kr.

- **Skuldir og skuldbindingar** samstæðu (A- og B-hluta) fari ekki yfir 150% af skilgreindum tekjum.
 - Samkvæmt fjárhagsáætlun Múlabings fyrir árið 2021 verður skuldaviðmið samstæðu A og B hluta skv. reglugerð 123% í árslok og er undir þeim viðmiðunum sem kröfur eru gerðar um skv. sveitarstjórnarlögum.
 - Skuldahlutfall A-hluta í árslok 2021 verður 123% og í samstæðu fyrir A og B hluta nemur skuldahlutfallið um 152%.
 - Árið 2024 er skuldahlutfall samstæðu A og B hluta áætlað að verði um 158%. Skuldahlutfall A hluta er áætlað að verði 125% í árslok 2024.

Mikilvægt er að framagreind viðmið verði höfð að leiðarljósi við fjármálastjórnun hins nýja sveitarfélags og er það vilji sveitarstjórnar að svo verði. Með því er sveitarfélagið að leggja grunn að traustum fjárhag svo það verði vel í stakk búið til að mæta þörfum íbúanna í framtíðinni.

A og B hluti: Rekstrarreikningur 2021-2024 (millj. kr.)						
	2019	2020	2021	2022	2023	2024
Rekstrarreikningur						
Rekstartekjur:	6.876	7.004	7.264	7.684	7.913	8.188
Rekstargjöld án fjármagnsliða og afskrifta	5.609	6.052	6.347	6.608	6.733	6.917
► Framlegð (EBITDA)	1266	952	917	1076	1180	1271
Framlegð í hlutfalli af tekjum.....	18,4%	13,6%	12,6%	14,0%	14,9%	15,5%
Afskriftir	380	391	428	490	521	561
Fjármagnsliðir	445	387	452	493	521	542
Tekjuskattur og hlutdeild minnihluta	15	9	32	7	3	3
Rekstrarniðurstaða	426	165	5	86	135	165

A og B hluti: Úr efnahag og sjóðstreymi 2021-2024 (millj. kr)						
	Rauntölur	Útkomuspá	Áætlun	Áætlun	Áætlun	Áætlun
	2.019	2.020	2.021	2.022	2.023	2.024
Rekstrarniðurstaða	426	165	5	86	135	165
Veltufé frá rekstri	1.108	768	722	873	983	1.067
Fjárfestingarhreyfingar	-581	-867	-1.585	-1.452	-1.091	-1.183
Fjármögnunarhreyfingar	-378	-167	819	791	149	170
Skuldir og skuldbindingar	9.687	10.165	11.062	12.014	12.480	12.975
Skuldaviðmið	104,9%	110,3%	123,4%	129,5%	132,3%	134,4%

A hluti: Rekstrarreikningur 2021 - 2024 (millj. kr.)						
	2019	2020	2021	2022	2023	2024
Rekstrarreikningur						
Rekstartekjur:	5.946	6.076	6.383	6.717	6.913	7.153
Rekstargjöld án fjármagnsliða og afskrifta	5.295	5.749	6.065	6.299	6.417	6.592
► Framlegð (EBITDA)	651	328	318	418	496	561
Framlegð í hlutfalli af tekjum.....	10,9%	5,4%	5,0%	6,2%	7,2%	7,8%
Afskriftir	215	225	240	268	281	294
Fjármagnsliðir	318	252	310	327	334	341
Tekjuskattur og hlutdeild minnihluta	0	0	19	19	0	0
Rekstrarniðurstaða	118	-150	-251	-195	-119	-74

A hluti: Úr efnahag og sjóðstreymi 2021-2024 (millj. kr.)						
	Rauntölur	Útkomuspá	Áætlun	Áætlun	Áætlun	Áætlun
	2019	2020	2021	2022	2023	2024
Rekstrarniðurstaða	118	-150	-251	-195	-119	-74
Veltufé frá rekstri	577	234	198	307	402	466
Fjárfestingarhreyfingar	-416	-494	-701	-502	-500	-500
Fjármögnunarhreyfingar	-84	-88	587	374	130	86
Skuldir og skuldbindingar	5.024	5.006	4.796	4.685	4.539	4.212
Skuldahlutfall	110,4%	118,8%	122,5%	123,2%	125,0%	125,5%

Helstu niðurstöður fjárhagsáætlunar 2021-2024

- Rekstarafkoma A og B hluta samkvæmt fyrirbyggjandi tillögu til fyrri umræðu er jákvæð á árinu 2021 um 5 millj. kr. En afkoma af rekstri A hluta er neikvæð um 251 millj. kr.
- Skatttekjur hækka um 137 millj. kr. á milli árunna 2020 og 2021 og nema 5.415 millj. kr. sem er 2,6% hækkun.
- Útvarstekjur nema 2.889 millj. kr. og hækka 5,9% miðað við útkomuspá fyrir árið 2020.
- Áætlað er að fasteignaskattur nemi um 622 millj. kr. sem er 3,8% hækkun frá 2020.
- Framlög Jöfnunarsjóðs nema 1.932 millj. kr. sem er 1,4% lækkun frá áætlaðri útkomu 2020.
- Innri leiga á málaflokka í rammaáætlun hækkar almennt um 2,3% frá áætlun ársins 2020.

- Í útkomuspá launa fyrir árið 2020 er áætluð niðurstaða A hluta um 3.614 millj. kr. en verða um 3.966 millj. kr. á árinu 2021 sem gerir um 9,8% hækkun á milli ára. Í samstæðu A og B hluta nema laun og launatengd gjöld 4.121 millj. kr. sem er 9% hækkun á milli ára.
- Framlegð (EBITDA) í A hluta er áætluð 318 millj. kr. eða 5% og í samstæðu A og B hluta er framlegð áætluð 917 millj. kr. eða 12,6%.
- Fjárfestingar A hluta nema 700 millj. kr. nettó samkvæmt forsendum áætlunar
- Fjárfestingar B hluta nema 1.593 millj. kr nettó samkvæmt forsendum áætlunar
- Þetta er í fyrsta sinn sem lögð er fram áætlun fyrir Múlaþing og 2 mánuðir frá því sameingin tók formlega gildi. Skal hafa í huga að fyrirliggjandi áætlun er í grunnin byggð á þeirri undirbúningsvinnu sem unnin var hjá fráfarandi sveitarstjórnnum fyrir á árinu.

Helstu forsendur:

Skatttekjur:

Skatttekjur samanstanda af útsvari, fasteignasköttum, framlögum frá Jöfnunarsjóði og lóðaleigu. Í fjárhagsáætlun fyrir árið 2021 er gert ráð fyrir að þær nemi 5.360 millj.kr. á árinu. Hækkun skatttekna á milli ára nemur um 4%.

Útsvar:

Álagningarhlutfall útsvars breytist ekki á milli ára og eru heimildir áfram fullnýttar til að standa undir rekstri og afborgunum lána í A hluta. Álagningarprósenta útsvars á árinu 2021 verður því 14.52%. Áætlaðar útsvarstekjur á árinu 2021 nema um 2.889 millj. kr., á móti 2.726 millj. kr. á árinu 2020 skv. útkomuspá. Áætlun útsvars byggir á því að ferðaþjónusta nái sér á strik aftur á árinu 2021 auk þess sem aðrar atvinnugreinar gangi vel og magnaukning verði í framboði á störfum. Auk þess er gert ráð fyrir 1% fjölgun íbúa á árinu 2020 og líka á árinu 2021.

Íbúum hefur farið fjölgandi undanfarin misseri og voru í lok september sl. samtals 5.001 íbúar skráðir í Múlaþingi. Til samanburðar voru íbúar 4.925 í árslok 2019 og 4.877 í árslok 2018. Þegar skoðuð er alurskipting íbúa á landinu þá kemur í ljós að hlutfall íbúa í Múlaþingi á aldrinum 0-15 ára er 0,9% hærra en landsmeðaltal.

Tafla XX. Aldursskipting íbúanna eftir sveitarfélögum															
1. janúar 2020															
	Hlf		Hlf		Hlf		Hlf		Hlf		Hlf		Hlf		
	0 ára	í %	1- 5	í %	6 - 15	í %	16 - 25	í %	26 - 66	í %	67 - 79	í %	80 -	í %	Samtals
Múlaþing	55	1,1	315	6,4	660	13,4	605	12,3	2.575	52,3	540	11,0	172	3,5	4.922
Fjarðabyggð	62	1,2	348	6,9	701	13,8	673	13,3	2.641	52,1	490	9,7	157	3,1	5.072
Vopnafjarðarhreppur	6	0,9	38	5,8	90	13,7	78	11,8	324	49,2	89	13,5	34	5,2	659
Fljótsdalshreppur	0	0,0	1	1,2	4	4,7	13	15,1	57	66,3	10	11,6	1	1,2	86
Sveitarfélagið Hornafjörður	26	1,1	124	5,1	247	10,1	389	16,0	1.338	55,0	220	9,0	90	3,7	2.434
Austurland	149	1,1	826	6,3	1.702	12,9	1.758	13,3	6.935	52,6	1.349	10,2	454	3,4	13.173

Fjöldi íbúa eftir sveitarfélögum 1. október 2020 (og samanburður við íbúatölur 1. desember 2018/2019)

Þjóðskrá Íslands - 1. október 2020

Austurland		10.691	10.740	10.848	108	1,0%
7000	Seyðisfjarðarkaupstaður	692	682	679	-3	-0,4%
7300	Fjarðabyggð	5.081	5.073	5.092	19	0,4%
7502	Vopnafjarðarhreppur	657	656	660	4	0,6%
7505	Fljótsdalshreppur	73	86	95	9	10,5%
7509	Borgarfjarðarhreppur	109	122	129	7	5,7%
7617	Djúpavogshreppur	474	501	518	17	3,4%
7620	Fljótsdalshérað	3.605	3.620	3.675	55	1,5%
	Múlaþing		4.925	5.001	76	1,0

Fasteignaskattar:

Í forsendum áætlunar um fasteignagjöld er miðað við sömu álagningarhlutföll og voru í gildi hjá Fljótsdalshéraði á árinu 2020. Fasteignaskattar munu verða um 3,9% hærri á árinu 2021 miðað við 2020.

Miðað er við að álagningarhlutföll verði eftirfarandi:

- Álagningarhlutfall fasteignaskatts á íbúðarhúsnæði 0,5%. Álagt 304 millj. kr.
- Álagningarhlutfall fasteignaskatts á atvinnuhúsnæði 1,65%. Álagt 254 millj. kr.
- Álagningarhlutfall fasteignaskatts á opinbert húsnæði 1,32%. Álagt 66 millj. kr.

Heimild til lækkunar fasteignaskatts hjá tekjulitlum elli- og örorkulífeyrisþegum 2021:

- Hámark afsláttar verði 94.185 kr.

Viðmiðunartölur tekna hjá einstaklingi verði:

- Lágmark 3.195.000 kr
- Hámark 4.193.000

Viðmiðunartölur tekna hjá hjónum verði:

- Lágmark

Afsláttur til eldri borgara og öryrkja er áætlaður 1,6 millj. kr.

Fjöldi gjalddaga fasteignagjalda verði 9 talsins og fyrsti gjalddagi verði 1. febrúar 2021 og síðasti 1. október 2021.

Jöfnunarsjóður:

Tekjur sveitarfélagsins af reglubundnum framlögum frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga breytast lítið í krónutölu frá útkomuspá 2020. Ef miðað er við rauntölur 2019 á þessum framlögum er lækkunin veruleg og nemur um 263 millj. kr. eða 18% sem er tekjufall sjóðsins vegna Covids ástands.

Múlaping:		Útkomuspá	Áætlun
Framlög Jöfnunarsjóðs (föst)	Uppgjör 2019	2020	2021
Útgjaldajöfnunarframlag.....	707.349	637.331	637.331
Tekjujöfnunarframlag.....	19.382	22.141	0
v sér.þarfa.....	25.650	27.550	28.739
Framlag v. Fasteignaskatts.....	294.607	262.554	261.554
Nýbúaframlag.....	9.750	10.872	9.300
Almennt rekstrarframlag.....	390.983	416.777	398.418
v. Tónlistarnáms.....	11.044	5.437	5.437
	1.458.765	1.382.662	1.340.779
Framlag v málefna fatlaðra.....	336.072	324.000	337.000
Framlag v sameiningar.....	0	254.000	254.000

Áætlað er að framlög Jöfnunarsjóðs muni nema um 1.932 millj. kr. á árinu 2021 og sundurliðast á eftirfarandi hátt:

- Útgjaldajöfnunarframlag 637 millj. kr.
- Málefni fatlaðra 337 millj. kr.
- Almennt rekstrarframlag 398 millj. kr.
- Framlag vegna fasteignaskatts 261 millj. kr.
- Framlag vegna sérþarfa 29 millj. kr.
- Framlag v. Nýbúa 9 millj. kr.
- Framlag v. Tónlistarskóla 5 millj. kr.
- Framlag vegna sameiningar 250 millj. kr.

		Áætluð framlög vegna sameiningar						
		2020	2021	2022	2023	2024	2025	2026
Skuldajöfnunarframlag a og b líti	719.000							
a) Til greiðslu skuldi	70%	71.900	71.900	71.900	71.900	71.900	71.900	71.900
b) til reksturs	30%	30.814	30.814	30.814	30.814	30.814	30.814	30.814
Fast framlag	400.000	130.000	130.000	56.000	42.000	42.000	0	0
Byggða framlag	149.000	21.286	21.286	21.286	21.286	21.286	21.286	21.286
	1.268.001	254.000	254.000	180.000	166.000	166.000	124.000	124.000

Lóðaleiga:

Áætlaðar tekjur af lóðaleigu nema 53 millj. kr. sem er 15% lækkun á milli ára sé miðað við sömu álagningarhlutföll og hafa gilt á Fljótsdalshéraði undanfarin ár eða 0,75% af lóðamati. Ekki er gert ráð fyrir breytingu á álagningarhlutföllum frá árinu 2021 en þau eru eftirfarandi:

- Lóðaleiga A (gjaldstofn A) 0,75% af lóðamati 41,4 millj. kr.
- Lóðaleiga atvinnuhúsnæði 0,75% af lóðamati 7,6 millj. kr.
- Lóðaleiga leiguland 4% af lóðamati 3,6 millj. kr.

Sorpgjöld:

Sorphreinsunar- og sorpeyðingargjöld eru áætluð 67 millj. kr. á árinu 2021.

Gjaldskrá sorpgjalda 2021:

- Fullt sorphirðugjald/förgunargjald 31.374 kr.
- Sumarhús (30%) 9.412 kr.
- Sumarhús með sumarhirðu 15.687 kr.
- Aukasorpílát
 - Grá tunna 240l 11.200 kr.
 - Græn tunna 2.000 kr.
 - Brún tunna 2.000 kr.

Helsta ástæða fyrir hækkun á gjaldskrár fyrir sorphreinsun og sorpeyðingu er sú að verksamningar eru tengdir þróun launavísitölu og vísitölu neysluverðs.

Laun og launatengd gjöld:

Launaáætlun er í grunninn gerð í áætlunarhluta í H3 launakerfisins og er byggð á fjölda stöðugilda í okt 2020 og er í samræmi við gildandi kjarasamninga. Launakostnaður er áætlaður að nemi 4.121 millj. kr. á árinu 2021 í samstæðu A og B hluta þar af 3.967 millj. kr. í A hluta. Hækkun á milli ára á eiginlegum launakostnaði er um 9% eða 342 millj. kr. hjá samstæðunni. Lífeyrisskuldbinding hækka verulega á árinu 2020 vegna nýrra kjarasamninga sem gengið var frá á árinu. Á árinu 2021 er áætlað að hækkunin verði í samræmi við áætlaða hækkun launavísitölu og nemi um 70 millj. kr á árinu.

Launakostnaður A hluta: (þús. kr.)

	2021	2020
Laun og launatengd gjöld	3.966.841	3.614.347
Hlutfall af rekstartekjum	62,1%	59,4%

Annar rekstarkostnaður:

Annar rekstarkostnaður án afskrifta nemur um 2.169 millj. kr. á árinu 2021 í samstæðu A og B hluta. Þar af 2.041 millj. kr. hjá A hluta. Helstu frávík eða nýmæli frá hefðbundnum rekstarkostnaði eru:

- Stofnframlag til Ársala bs vegna íbúðabygginga 14,3 millj
- Stofnframlag til íbúðakjarna Seyðisfirði 19,1 millj. kr.
- Framlag vegna ljósleiðara verkefna 38,5 millj. kr.
- Vinna við aðalskipulag 35 millj. kr. en á móti kemur 50% framlag frá Ríki.

Kostnaður vegna innleiðingar við sameiningar er töluverður en ekki metin til fjár hér.

Fjármagnsliðir:

Í forsendum fjárhagsáætlunar er verðbólga áætluð 2,8% á árinu 2020. Árið 2021 er gert ráð fyrir 2,7% verðbólgu og 2022 er miðað við 2,6% verðbólgu. Árið 2023 er gert ráð fyrir 2,5% verðbólgu. Greiddir vextir miðast við þá lánasamninga sem þegar hafa verið gerðir. Ekki er gert ráð fyrir breytingum á gengi íslensku krónunnar á tímabilinu.

Fjárfestingar:

Stór fjárfestingarverkefni liggja fyrir á næstu árum. Í fyrirbyggjandi áætlun er gert ráð fyrir að fjárfestingar í samstæðu A og B hluta á árinu 2021 nemi 2,6 milljarði kr. Á móti koma tekjur eða framlög upp á rúman 1 milljarð kr.

Í A hluta nema fjárfestingar brúttó um 1,2 milljarði kr. en á móti nema framlög um 0,5 millj. kr. Fjárfestingar B hluta nema 1,4 milljarði en á móti nema framlög 0,5 milljarði. Fjárfestingar nema því nettó um 1,6 milljarði á árinu 2021.

Stærstu verkefni sem þegar liggja fyrir og hefjast á árinu 2021 eru:

A hluti:

- *Bygging á nýjum leikskóla í Fellabæ á árunum 2021 og 2022*
- *Menningsarhúsaverkefnið Sláturhúsið/Safnahúsið 2021 og 2022*
- *Ofanflóðavarnir á Seyðisfirði 2021 – 2023*
- *Gamla Ríkið á Seyðisfirði 2021*
- *Herðubreið 2021*
- *Skólahúsnæði Seyðisfirði 2021*
- *Gatnagerð 2021 – 2024 (150 millj. kr. nettó á tímabilinu)*
- *Fellavöllur 2022*

Fjárfestingarverkefni á árunum 2021 og 2022 liggja fyrir að mestu leiti en á árinu 2023 og næstu 10 ár eru fjárfestingarverkefni óskilgreind og verður það verkefni sveitarstjórna að móta. Í áætlun er miðað við að fjárfestingar nemi um 500 millj. kr. á ári að meðaltali.

B hluti:

- *Fráveituverkefni 2021 – 2024 nema 1,1 milljarði kr. Þar af 202 millj. kr. á árinu 2021.*
- *Fjárfestingar hjá Hitaveitu nema 817 millj. kr. á tímabilinu 2021–2024. Þar af nema fjárfestingar á árinu 2021 nettó um 114 millj. kr.*
- *Ljósleiðaraverkefni á árunum 2021 og 2022 nema 302 millj. kr. nettó*
- *Fjárfestingar Vatnsveitu nema um 415 millj. kr. á tímabilinu 2021-2024*
- *Í Hafnarsjóði er áætlað að verja 718 til fjárfestingar á tímabilinu 2021-2024 en á móti er áætlað að mótframlög nemi 407 millj. kr.*
- *Ársalir bs. sem er leigufélag íbúða eldri borgara fyrirhugar endurbyggingu í „Lengjunni“ svo kölluðu við Lagarás. Áætlaður byggingarkostnaður er um 256 millj. kr. en á móti koma 93 millj. kr. í stofnframlag frá Ríki og sveitarfélaginu.*

Fjárfestingar 2021 - 2004 (nettó)	2.020	2.021	2.022	2.023	2.024
A hluti:					
Aðalsjóður.....					
Eignasjóður.....	577	700	500	500	500
B hluti:	0				
HEF.....	333	678	789	582	602
Hafnarsjóður.....	62	116	83	18	95
Félagslegar íbúðir.....	18	9	2	3	3
Brunavamir á Héraði.....	5	3	3	3	3
Ríkarðshús.....		5	3	3	
Ársalir.....	2	82	82		
Fjárfestingar (nettó) samtals	996	1.593	1.462	1.109	1.203

Fjárfestingar 2021 og 2022 eftir byggðum	2.021	2.021	2.022	2.022
A hluti:	Gjöld	Framlög	Gjöld	Framlög
Fljótsdalshérað.....	797	287	482	60
Seyðisfjörður.....	321	191	515	450
Djúpavogur.....	55	18	3	
Borgarfjörður.....	51	27	10	0
B hluti:				
Fljótsdalshérað.....	797	236	701	167
Seyðisfjörður.....	182	62	185	45
Djúpavogur.....	369	177	507	236
Borgarfjörður.....	21		35	19

Fjárfestingaverkefni 2021 - 2024								
	2.021		2.022		2.023		2.024	
	Gjöld	Tekjur	Gjöld	Tekjur	Gjöld	Tekjur	Gjöld	Tekjur
Fjárfestingar:								
Íþróttamiðstöðin Eg	30.000				30.000			
Samningar vegna Menningarhúsa.....								
- Safnahús.....	70.000	(50.000)	115.000	(40.000)	0	0		
- Sláturhúsið.....	197.000	(217.000)	25.000		0			
Nýr leikskóli Hádegishöfða.....	380.000		160.000	0	0		0	
Brúarás endurnýjun íbúðarhúsa.....	35.000		0					
Þjónustumiðst. Egilsst.....	3.000							
Brúarásskóli	6.500							
Íþróttavellir.....	12.000		110.000					
Íþróttamiðstöðin Eg v útsturtur.....	3.000		10.000					
Seyðisfjörður Sundhöll.....	15.000							
Seyðisfjörður Íbúðakjarni.....	6.000							
Seyðisfj Ísland ljóstengt, vélar og tæki...	3.000		3.000		0		0	
Seyðisfjörður grunnskóli.....	30.000		0					
Seyðisfjörður Herðubreið.....	50.000		0		0			
Seyðisfjörður, Gamla ríkið.....	100.000	(100.000)						
Seyðisfjörður, ofanflóðavarnir.....	100.000	(90.000)	500.000	(450.000)	300.000	(270.000)		
Djúpavogur grunnskóli.....	8.000							
Djúpavogur Gamla kirkjan.....	3.000	(3.000)						
Djúpavogur, þjónustumiðstöð.....	16.000							
Djúpavogur, Faktorshús.....	13.000	(13.000)						
Borgarfjörður Fjarðaborg.....	25.000	(12.000)	0		10.000			
Borgarfjörður, leiguíbúðir.....	10.232	(10.232)						
Borgarfjörður Lyfta í Hafnarhúsi.....			8.000					
Brunavarnir , Borgarfirði.....	5.500							
Brunavarnir, Seyðisfj.....	900							
Brunavarnir Djúpavogi.....	5.100							
Brunavarnir Egilsstaðir.....	1.000							
Brunavarnir sameiginlegt.....	6.500	(18.000)						
Annað óskilgreint.....	8.000		32.500		403.500		416.500	
Gatnagerð.....	90.500	(20.000)	46.500	(20.000)	46.500	(20.000)	103.500	(20.000)
Samtals	1.233.232	-533.232	1.010.000	-510.000	790.000	-290.000	520.000	-20.000
Fjárfestingar A hluta nettó	700.000		500.000		500.000		500.000	
Fjárfestingar B hluta:								
Veitur.....								
- Fráveita.....	229.750	(27.400)	449.000	(31.500)	272.310	(28.400)	283.500	(35.500)
- Hitaveita.....	176.615	(62.500)	397.340	(153.500)	237.500	(33.000)	288.000	(33.000)
- Vatnsveita.....	73.500	(2.500)	116.300		131.500		96.500	
- Ljósleiðaraverkefni.....	452.812	(162.400)	100.748	(89.200)	2.500		2.500	
Hafnir.....								
- Seyðisfjarðarhöfn.....	126.000	(59.900)	95.000	(45.000)	70.000	(52.500)	127.000	(32.500)
- Djúpavogshöfn.....	180.000	(135.000)	110.000	(82.500)				
- Borgarfjarðarhöfn.....	5.000		23.900	(18.900)				
Félagslegar íbúðir Hérað.....	4.000							
Félagslegar íbúðir Borgarfjörður.....	5.000		2.000		3.000		3.000	
Brunavarnir á Héraði.....	3.492		3.492		3.492		3.492	
Ríkarðshús.....	5.000		3.000		3.000			
Ársalir.....	128.450	(46.242)	128.450	(46.242)				
Samtals	1.389.619	-495.942	1.429.230	-466.842	723.302	-113.900	803.992	-101.000
Fjárfestingar B hluta nettó	893.677		962.388		609.402		702.992	
Fjárfestingar A og B samtals	1.593.677		1.462.388		1.109.402		1.202.992	

Fjármögnun:

Það er nokkuð ljóst að Covid 19 hefur veruleg áhrif á framlegð sveitarfélagsins næstu ár og þá sérstaklega í A hluta þar sem framlegð fer úr 11% niður í 5% eða úr 650 millj. kr. 2019 í 318 millj. 2021. Miðað við áætluð fjárfestingarverkefni sem þarf að fjármagna alfarið með lánum, er ljóst að fjármagna þarf rekstarhalla A hluta með lántöku sem ekki hafði verið gert ráð fyrir fyrir 11 mánuðum síðan. Forsendur hafa því tekið verulegum breytingum hvað þetta varðar.


HEF áformar miklar fjárfestingar í veitum á næstu árum og eru lántökur í samræmi við það en þarf ekki í 100% lántöku þar sem framlegð af rekstri er sterk. Mikilvægt er næstu vikurnar að vinna við fjármögnun á verkefnum næsta árs og næstu ára verði hafin sem fyrst þannig að tryggt verði að þau verkefni sem eru inn í fjárfestingaráætlun geti farið í undirbúning.

Lántökur 2021 - 2004	2.020	2.021	2.022	2.023	2.024
A hluti:					
Aðalsjóður.....	140	350	350	115	135
Eignasjóður.....	402	867	650	597	500
B hluti:	0				
HEF.....		340	640	470	530
Hafnarsjóður.....	40				
Ársalir.....			164		
Lántökur samtals	582	1.557	1.804	1.182	1.165


Helstu lykilstærðir og þróun 2019 - 2024:

A hluti:


Kennitölur	Rauntölur 2019	Útkomuspá 2020	Áætlun 2021	Áætlun 2022	Áætlun 2023	Áætlun 2024
Sveitarstjórn - A hluti						
Rekstrarhæfi						
Framlegðarlutfall.....	10,9%	5,4%	5,0%	6,2%	7,2%	7,8%
Rekstrarjónuður þriggja ára skv. sveitarstjórnarögum.....	516.168	148.630 (283.022) (596.102) (565.511) (388.895)
Efnahagur						
Veltufjárlutfall.....	0,64	0,53	0,51	0,52	0,51	0,51
Fjárfesting						
Ný lántaka / skuldum.....	4,1%	7,6%	15,6%	12,1%	8,2%	7,1%
Skuldapól						
Skuldir og skuldbindingar / framlegð.....	10,1	22,0	24,6	19,8	17,4	16,0
Skuldir og skuldbindingar / veltufé frá rekstri.....	11,4	30,9	39,4	27,0	21,5	19,3
Skuldavæðmið skv. reglugerð 502/2012.....	84,0%	90,6%	98,1%	100,2%	102,8%	103,8%
Skuldahlutfall.....	110,4%	118,8%	122,5%	123,2%	125,0%	125,5%
Greiðsluhæfi						
Veltufé frá rekstri / heildartekjum.....	9,7%	3,8%	3,1%	4,6%	5,8%	6,5%
Skuldabekja (Framlegð / (alþorganir + vextir)).....	1,07	0,47	0,42	0,51	0,58	0,74
Vextir ársins:						
Vaxtagjöld og verðbætur.....	(315.848) (288.631) (301.621) (300.356) (291.414) (283.638)
Verðbætur og gengismunur.....	136.033	130.546	139.106	151.407	154.410	157.346
Vextir ársins:	(179.815) (158.085) (162.515) (148.949) (137.004) (126.292)




Framlegðarhlutfall




Skuldahlutfall og skuldaviðmið



Skuldir og skuldbindingar A hluta á verðlagi okt 2020




Ný fjárfesting / lántaka sem hlutfall af skuldum




A og B hluti:


Kennitölur	Rauntölur	Útkomuspá	Áætlun	Áætlun	Áætlun	Áætlun
Samantekið - A og B hluti	2019	2020	2021	2022	2023	2024
Rekstrarhæfi						
Framlegðarhlutfall.....	18,4%	13,6%	12,6%	14,0%	14,9%	15,5%
Rekstrarjöfnuður þriggja ára skv. sveitarstjórnarlögum.....	1.239.472	999.925	596.736	230.694	196.503	357.274
Efnahagur						
Veltufjárlutfall.....	0,61	0,47	0,33	0,36	0,37	0,38
Fjárfesting						
Ný lántaka / skuldum.....	3,0%	5,8%	14,1%	15,0%	9,5%	9,0%
Skuldapól						
Skuldir og skuldbindingar / framlegð.....	7,7	10,7	12,1	11,2	10,6	10,2
Skuldir og skuldbindingar / veltufé frá rekstri.....	8,7	13,2	15,3	13,8	12,7	12,2
Skuldaviðmið skv. reglugerð 502/2012.....	104,9%	110,3%	123,4%	129,5%	132,3%	134,4%
Skuldahlutfall.....	140,9%	145,1%	152,3%	156,4%	157,7%	158,5%
Greiðsluhæfi						
Veltufé frá rekstri / heildartekjum.....	16,1%	11,0%	9,9%	11,4%	12,4%	13,0%
Skuldabækja (Framlegð / (afborganir + vextir)).....	1,36	0,92	0,81	0,86	0,87	0,97
Vextir ársins:						
Vaxtagjöld og verðbætur.....	(445.254)	(501.648)	(518.743)	(542.761)	(557.875)	(570.081)
Verðbætur og gengismunur.....	184.476	197.008	205.434	226.668	238.924	249.621
Vextir ársins:	(260.778)	(304.639)	(313.309)	(316.093)	(318.951)	(320.460)




Framlegðarhlutfall



Skuldahlutfall og skuldaviðmið





Ný fjárfesting / lántaka sem hlutfall af skuldum

